



Hjalparsveit skáta í Kópavogi

Ársskýrsla 2015

ÁRSSKÝRSLA 2015

Efnisyfirlit

Skýrsla stjórnar	3
Skýrslur Flokka	4
Bátaflokkur	4
Bækistöðvarhópur	5
Leitarflokkur	6
Nýliðar 1	7
Nýliðar 2	7
Rústaflokkur	8
Sjúkraflokkur	9
Sleðaflokkur	9
Tækjaflokkur	10
Undanfarar	11
Skýrslur nefnda og ráða	12
Fjáröflunarnefnd	12
Flugeldanefnd	12
Sögunefnd	13
Vefnefnd	14
Þjálfunarráð	14
Nefndir og ráð	16
Starf HSSK 2015-2016	17
Aðgerðir sem HSSK tók þátt í á tímabilinu 1.4.2015 – 31.3.2016	18
Akstur bíla HSSK	19
Helsti búnaður og tæki í eigu HSSK	20
Lög Hjálparseitar skáta í Kópavogi	22

Hjálparsveit skáta í Kópavogi, stofnuð 4. nóvember 1969

Heimilisfang: Bakkabraut 4 – 200 Kópavogur

Heimasíða: www.hssk.is

Netfang: hssk@hssk.is

stjorn@hssk.is

sími: 554-3233/895-4210

Umsjón ársskýrslu: Lilja Smáradóttir

Forsíða: Sigurður Ólafur Sigurðsson

Prentun: Svansprent

Skýrsla stjórnar

Verkefni stjórnar Hjálparveitar skáta í Kópavogi voru fjölmörg og breytileg yfir starfsárið. Á síðasta starfsári hélt stjórn 20 stjórnarfundir. Sveitarfundir voru átta og var vel mætt af félögum sveitarinnar. Stjórnin tók einnig þátt í almennu starfi sveitarinnar sem tengiliðir í ýmsum nefndum ásamt því að halda sveitarráðsfund tvisvar yfir starfstímabilið.

Stjórn HSSK sendi fulltrúa á Landsþing Slysavarnarfélagsins Landsbjargar á Ísafirði í maí, fulltrúaráðsfund í Reykjavík í október auk þess að funda í lok starfsársins með bæði svæðisstjórn á svæði 1 sem og að hitta fulltrúa stjórnar Landsbjargar í húsnaði sveitarinnar í mars.

Í sveitinni starfa að jafnaði um 90 virkir félagar, auk um 100 félaga sem eru minna virkir í almennu starfi en standa þétt við bakið á sveitinni. Á síðasta starfsári sinnti sveitin 36 útköllum og sjálfboðaliðavinnustundir félaga voru um 18 þúsund. Á síðasta aðalfundi skrifuðu 14 nýliðar undir eiðstaf sveitarinnar eftir 20 mánaða björgunarsveitapjálfun.

Dagskrá sveitarinnar á síðastliðnu starfsári var mjög þéttsetin. Í raun svo þétt að fresta þurfti og færa til nokkra viðburði þar sem ekki gafst tími til að sinna þeim viðburðum nægjanlega vel. Stór og öflugur hópur hóf nýliðapjálfun í haust auk þess sem að fullgildir félagar sóttu endurmenntunarnámskeið skipulögðum af þjálfunarráði líkt og undanfarin ár og voru þau í flestum tilfellum vel sótt. Stjórn afgreiddi 32 styrkumsóknir fullgildra félaga fyrir þátttöku á námskeiðum til að auka þekkingu og sérhæfingu félaga innan sveitarinnar. Sala neyðarkallsins fór fram í byrjun október og gekk mjög vel. Rúmlega 100 félagar tóku þátt í sölunni og er hún farin að vera stærri og mikilvægari þáttur fjáröflunar hjá sveitinni. Gott skipulag og undirbúningur HSSK fyrir söluna hefur borist stjórnar SL til eyrna og hafa þeir beðið fulltrúa HSSK að halda erindi um Neyðarkallasölu HSSK á formannafundi Slysavarnarfélagsins Landsbjargar í apríl.

Sveitin tók einnig þátt í ýmsum minni fjáröflunarverkefnum eins og gæslu í hjólamótum auk þess sem að sveitin stóð vaktina við 17. júní hátíðarhöld Kópavogsbæjar við Rútstún ásamt því að sýna tækjafloata sveitarinnar við það tækifæri.

Flugeldasalan fór fram að venju síðustu dagana í desember líkt og undanfarin ár og gekk hún vel. Þegar flugeldasalan er komin á fullt og allir félagar sveitarinnar vinna saman þá er gaman að fylgjast með hversu öflugan hóp félaga sveitin á að baki.

Í sumar tók HSSK að venju þátt í hálendisgæslu Slysavarnarfélagsins Landsbjargar og okkar fólk stóð að þessu sinni vaktina að Fjallabaki norðan Mýrdalsjökuls. Hálendisgæslan hefur reynst mikill stuðningur og aðstoð við bæði erlent og innlent ferðafólk. Einnig er þetta ómetanleg reynsla og þjálfun fyrir okkar fólk.

Í september braut sveitin blað í björgunarsögu Íslands þegar að keyptur var fyrsti sérhannaði og sérsníðaði björgunarbáturinn sem er framleiddur á Íslandi. Sveitin gerði samning við fyrirtækið Rafnar sem starfar í nágrenni við sveitina á Kársnesi um aðstoð við þróun og prófanir og að

lokum var nýr bátur afhentur með formlegum hætti í lok september. Nýji Stefmir er öflugt björgunartæki sem mun nýtast sveitinni til framtíðar. Samstarf sveitarinnar við Rafnar hefur komið báðum aðilum vel og vonandi verður það samstarf öflugt í framtíðinni.

Sleðaflokkur fékk um áramót afhentan nýjan vélsleða sem bætist við þá sleða sem fyrir voru í flokknum. Sleðinn er hugsaður sem dráttarsleði og til viðbótar við sleðann var keypt Nila sjúkrapota sem getur borið sjúkling og björgunarmann. Þessi viðbót er hugsuð til þess að auka björgunargetu sleðaflokks.

Eftir að Kópur 6 hafði verið seldur á síðasta starfsári var fyrir áramót gengið frá kaupum á nýjum Toyota Hilux jeppa sem koma á að fylla upp í skarðið. Sá bíll er kominn í breytingu og er væntanlegur fullbúinn seinna á árinu.

Að lokum vill stjórn HSSK þakka Slysvarnardeild Kópavogs fyrir gott samstarf og stuðning á þessu fyrsta starfsári deildarinnar.

Stjórn HSSK þakkar fyrir gott og ánægjulegt samstarf á starfsárinu sem er að líða!

Fh. stjórnar HSSK
Kristján Maack, formaður

Skýrslur Flokka

Bátaflokkur

Formaður: Bogi Baldursson

Varaformaður: Heimir Sigurður Haraldsson

Eftir aðalfund 2015 var hálfgerð stjórnleysi þar sem Sverrir Örn vildi gerast aftur frjáls bátaflokksfélagi og það var ekki fyrr en um tæpum þremur mánuðum síðar sem Bogi tekur formanninn og Heimir varaformanninn í flokknum.

Eitt fyrsta verk var að skipta svæði og bátunum upp í einingar og skipa umsjónarmann fyrir hverri einingu sem hefur gefið mjög góða raun og væri athugandi fyrir aðrar einingar sem ekki hafa tekið það upp nú þegar að skoða þau mál hjá sér.

Mikil gróska var síðasta sumar í starfsemi bátaflokks og erum stolt af því að hlutfall beggja kynja var hartnær „fifty / fifty“ skipting, nokkuð var um útköll og æfingar sem allar gengu vel fyrir sig.

Við stóðum fyrir hinni árlegu Bátamessu sem hefur verið haldið til skiptis milli sveita við Faxaflóann þó hafa sveitir komið víðar að og verið öllum mikil skemmtun og lærdómsrík reynsla, svo er bara að sjá hvaða björgunarsveit tekur boltann í ár.

Það kom heldur betur skriða í starfsemi bátaflokks í ágúst í fyrra þegar Stefmir II var seldur og keyptur var Stefmir III frá Rafnar, sölunni á Stefni II fylgdi sá samningur að bátaflokkur þurfti að breyta honum úr björgunarbát í hvalaskoðunarbát á 10 dögum, með frábæru samstarfi flestra í

bátaflokkum með góðri hjálpi frá félögum úr öðrum einingum HSSK þá tókst þetta og við tók bið eftir að við fengjum afhentan nýjan Stefni III sem var afhentur í byrjun október við fallega athöfn og við tók æfingar og læra inná nýjan bát sem hefur allt annan karakter og hegðun í sjó en sá gamli, það hefur tekist vel og er það mat allra að báturinn hefur reynst vel og um margt betur en sá gamli. Reyndar má segja með sanni að Sædísinn féll í skuggann fram eftir vetri og var formanni flokksins gert það mjög ljóst þegar nýja árið gekk í garð og tók hann það alveg til sín og hefur verið gerð bragabót á því og vonandi allir ánægðir í bátaflokk í dag.

Um leið og ég þakka fyrir viðburðarríkt ár í bátaflokkum á síðasta starfsári mun ég draga mig í hlé sem formaður þar sem framundan er hugsanlega breyttur starfsvettvangur en mun verða óbreyttur bátaflokksmaður og legg ég til að Heimur tiki við sem formaður á þessum aðalfundi.

Um leið og ég þakka skammtilegt samstarfsárs með stjórn HSSK og bátaflokksfólki óska ég nýjum formanni bátaflokks til hamingju og hlakka til að vinna með honum sem óbreyttur.

Bogi Baldursson
formaður bátaflokks HSSK

Bækistöðvarhópur

Formaður: Anna Guðný Einarisdóttir

Nafnalisti yfir virka félaga: Aðalsteinn Maack, Auður Atladóttir, Bergrós Arna Jóhannesdóttir, Björgvin Þór Vignisson, Brynja Ingólfssdóttir, Davíð Örn, Einar Eysteinnsson, Elvar Steinn Þorvaldsson, Gísli Bjarki Guðmundsson, Guðmundur K. Einarsson, Guðmundur Ólafsson, Helga M. Ingvarsdóttir, Magnús Hákonarson, Ragna Sif Árnadóttir, Sigfús Helgason, Sigrún Ósk Jakobsdóttir, Stefán Jökull Jakobsson, Sverrir Árnason, Valgeir Tómasson, Vala Dröfn Hauksdóttir og Þorsteinn Narfason.

Helsta hlutverk hópsins er að sjá um stjórnun í Björgunarmiðstöðinni á meðan á útkalli stendur. Önnur verkefni eru meðal annars utanumhald á útkallslistum yfir félaga, rýna útköll á sveitarfundum og halda útkallsæfingar sem vinna að því að efla viðbragð félaga.

Nokkrar breytingar urðu á starfsemi flokksins í kjölfar formannaskipta haustið 2015. Þá má helst nefna að sett var á laggirnar bakvaktarfyrikomulag í kjölfar þess að bakvaktarsími var tekinn í notkun. Farið var í gagngerða endurskoðun á útkallslistum og fengu félagar því ráðið hvar þeir stæðu á listunum í samræmi við getu til að mæta í útköll. Útkallslistar sveitarinnar eru nú varðveittir á netinu þannig að stjórnendur í bækistöð geta nálgast nauðsynlegar upplýsingar í hvaða tölvu eða síma sem er. Þar eru geymdar upplýsingar um menntun og reynslu félaga sem eru nauðsynlegar fyrir stjórnendur hverju sinni. Haldnar voru nokkrar markvissar “út að dyrum” útkallsæfingar þar sem einungis voru æfð fyrstu skrefin í útkalli og einnig æfingar þar sem farið var út á vettvang. Þátttaka í slíkum æfingum undirbýr björgunarmenn vel fyrir komandi útköll. Það hefur sýnt sig að SMS svörunarkerfi Neyðarlínunnar hefur nýst vel í útköllum og gefur það stjórnendum í bækistöð svigrúm til að áætla fjölda félaga sem mæta í útkall hverju sinni. Efla þarf notkun þess áfram. Markviss yfirferð og rýni á útköllum hvers mánaðar á sveitarfundum

hefur komið vel út og hefur aðgerðargrunnur SL gert okkur kleift að draga fram tölulegar upplýsingar um útköllin.

Vinna þarf áfram að verkferlum um hinar ýmsu tegundir útkalla og setja saman handbók. Efla þarf samstarf við Slysavarnardeild Kópavogs og alla flokka HSSK. Efla þarf samstarf við aðra bækistöðvarhópa og við svæðisstjórn. Með góðu skipulagi og öguðum vinnubrögðum er hægt að hámarka viðbragðstíma sveitarinnar ásamt því að tryggja að þeir hópar sem sveitin sendir út séu sem best útbúnir fyrir aðstæður hverju sinni. Hvetja þarf til aukinnar vitundarvakningar um öryggi björgunarmanna í útköllum. Þá þurfa félagar bækistöðvarhóps að sérhæfa sig í auknum mæli á sviði aðgerðarstjórnunarmála.

Leitarflokkur

Formaður: Þorsteinn Narfason

Varaformaður: Jón Guðmundsson

Nafnalisti yfir virka féлага: Auður Atladóttir, Björn Þór Guðmundsson, Brynja Ingólfssdóttir, Einar Eysteinnsson, Halldór V. Hreinsson, Hulda Margrét Erlingsdóttir, Margrét Rán Kjærnested, Jón Guðmundsson, Jón Hjörtur Hjartarson, Jóhannes Rúnarsson, Sigfús Helgason, Stefán Jökull Jakobsson, Stefán Már Haraldsson, Stefan Már Stefánsson, Stephan Schifffel, Þorsteinn Narfason

Leitarflokkur Hjálparsveitar skáta í Kópavogi sérhæfir sig í leit að týndu fólki. Leit að týndu fólki er fag og þeir sem sérhæfa sig í því fagi þurfa m.a. að vera meðvitaðir um hegðun týndra, mismunandi leitaráferðir, spor, sporakningar og auðvitað björgunarstörf og ferðamennsku. Leitarflokkur á búnað sem er sérhannaður til leitar að týndu fólki. Ætlast er til að félagar í hópnum bæti stöðugt við þekkingu sína á sviði leitartækni með því að sækja reglulega æfingar og fræðslu á sviði leitartækni, auk þessa að skipuleggja slíkar hæfingar.

Búnaður í leitarkistum var endurnýjaður og keypt voru fjögur ný leitarljós og rafhlöður auk þess voru keypt fjögur öflug hjólaljós. Sett voru nagladekk undir öll hjólin fyrir veturinn.

Straumvatnsbjörgunarmál voru færð undir leitarflokk. Halldór Vagn Hreinsson heldur utan um þau fyrir flokkinn. Stefnt er að sem flestir félagar sveitarinnar séu meðvitaðir um umgengni um straumvatn og því hefur námskeiðið Straumvatnsbjörgun 1 verið sett á námskeiðslista N2. Tveimur þurrköllum var bætt við straumvatnsbúnaðinn og til viðbótar verða næsta vor keyptir hjálmar, skór og stærri kastlínur þannig að þegar því er lokið verður til búnaður fyrir tvær útkallseiningar ásamt flotlínu. Gera má ráð fyrir að búnaðurinn nýtist í sumar við hálendisgæslu.

Félagar HSSK tóku þátt í tveimur aðgerðarlotum við leit í Ölfusá sem straumvatnsbjörgunarlopar. Verkefnum sem var útteilt þar gerðu ráð fyrir þekkingu á straumvatni og voru framkvæmd ofan í ánni.

Á árinu voru haldin þrjú námskeið fyrir HSSK féлага, tvö straumvatnsbjörgun 1 námskeið með 14 þátttakendum og eitt straumvatnsbjörgun 2 námskeið með sex þátttakendum.

Flokkurinn starfar náið með öðrum flokkum innan sveitarinnar og heldur námskeið eftir þörfum. Einnig er gott samstarf við aðra leitarflokka á svæði 1 sem halda sameiginlegar leitaræfingar og skiptast leitarflokkar á svæðinu á að skipuleggja þær. Á árinu hélt flokkurinn samæfingu með snjóflóðapema undir leiðsögn Stefáns Jökuls Jakobssonar. Samæfingar leitarflokka á svæði 1 tímabilið apríl 2015 til mars 2016 voru eftirfarandi: Vísbendingar og sporaleit, samæfing leitarflokka með svæðisstjórn, ýmsir póstar, leit á hjólum, póstar með græjubema, fræðslukvöld, snjóflóðaleit og leit innanhúss.

Unninn var listi yfir útkallshæfi leitarflokksfélaga sem meðal annars nýtist við ákvörðun á þátttöku í útkallsverkefnum. Mikilvægt er að unnir verði verkferlar fyrir leitarflokk vegna útkalla undir umsjón bækestöðvarhóps sem mun gæta að samræmingu vinnunnar.

Virkir félagar leitarflokks þurfa að gera gangskör i að sækja þau námskeið sem eru í boði á sviðinu og er mikilvægt að uppfæra og bæta þekkingu innan flokksins um straumvatnsbjörgun og leitartæki á námskeiðum og æfingum.

Leitarflokkur mun áfram taka þátt í samæfingum með öðrum sveitum sem er stór þáttur í þjálfun leitarflokks. Ráðgert er einnig að halda samæfingar með öðrum flokkum HSSK eftir þörfum.

Til stendur að sérhæfa hóp til að leita á hjólum. Í samstarfi við bílaflokk er ráðgert að útbúa sérstaka hjólakerru til flutninga á hjólum sveitarinnar sem gætu þá líka nýtst í ferðir.

Nýliðar 1

Síðastliðið haust mættu um 60 manns á nýliðakynningu HSSK. Í byrjun störfuðu með okkur 43 nýliðar og þegar farið var í okkar fyrstu ferð yfir Fimmvörðuháls voru 35 nýliðar. Í dag eru 24 nýliðar starfandi. Hafa nýliðarnir farið á hin ýmsu námskeið og ferðir. Einnig hafa þeir verið mjög duglegir að mæti í fjáraflanir og sinnt starfi sveitarinnar mjög vel. Í upphafi vetrar fengu nýliðapjálfa afhenta Handbók nýliðapjálfaans þar sem búið er að skilgreina starf okkar. Þessi handbók hefur nýst okkur mjög vel og hefur auðveldað starf okkar mjög mikið. Einnig var búið að dagsetja öll námskeið og hefur það gengið eftir að mestu leiti.

Fyrir hönd nýliða 1,
Hulda Rós Bjarnadóttir og Gretar Björnsson.

Nýliðar 2

Haustið 2014 byrjaði stór hópur fólks í nýliðastarfinu hjá sveitinni. Í byrjun þessa starfsárs hafði fækkað eitthvað í hópnum en eftir stóðu 12 einstaklingar sem voru virkir í nýliðapjálfuninni og stefndu 8 af þeim á að þreyta stöðuprófið. Þrátt fyrir fámennan hóp eru þetta mjög öflugir einstaklingar sem eru nú þegar farnir að setja sitt mark á lífið innan sveitarinnar. Síðastliðinn vetur hafa þau nýtt til að klára þau námskeið sem ljúka þarf til að gerast fullgildir meðlimir sveitarinnar. Flestir hafa kynnt sér starfsemi flokkanna og eru þegar farin að starfa með þeim. Ljóst er að hér er á ferðinni flottur hópur sem mun falla inn í það fjölbreytta starf sem HSSK

hefur uppá að bjóða. Hópurinn hefur verið duglegur við að taka þátt í starfsemi sveitarinnar s.s. starfa með flokkum, sitja í hinum ýmsu nefndum og aðstoða við skipulagningar á ferðum innan sveitarinnar. Einnig hafa þau verið mikilvægur hlekkur í fjáröflunum sveitarinnar og staðið sig með þryði. Í haust fengu þeir nýliðar sem lokið höfðu öllum námskeiðum í Björgunarmanni 1 að fara á útkallslista.

Við erum afar stolt af þessum flotta hóp og teljum þau vel undirbúin í starfið sem er framundan og hlökkum til að starfa meira með þeim í náninni framtíð.

Nýliðabjálfarar

Bergrós Arna Jóhannesdóttir og Elvar Steinn Þorvaldsson

Rústaflokkur

Formaður: Aðalsteinn Maack

Félagar í flokknum: Í flokkinn eru skráðir 42 félagar, þar af eru 25 virkir í starfi flokksins. 14 félagar eru á útkallslista Íslensku Alþjóðabjörgunarsveitarinnar (ÍA).

Flokkurinn hélt grunnnámskeið í Rústabjörgun fyrir nýliða í nóvember

Gámurinn er kominn niður í sal Bataflokks þar sem rými skapaðist þegar gamli Stefnir yfirgaf húsið. Þar hefur verið unnið að endurbótum og betrun í rólegheitum. Smáspennu kerfi komið í hann, þ.e. rafgeymir og talstöðvar (VHF og Tetra).

Nokkuð var endurnýjað í búnaði sveitarinnar, handverkfæri, rafstöðvar og loftpressa var, ásamt öðru smálegu, keypt á árinu og er það í umsjón flokksins.

Starf ÍA hefur verið rólegt í vetur, skipt var um stjórnendur og hafa þeir verið að koma sér inní starfið og betrubæta það sem úrbóta þurfti við. Það var orðið nauðsynlegt þar sem umgjörð sveitarinnar er gjörbreytt frá því sem var í byrjun þegar handbækur og samningar voru skrifaðir. Nú er sveitin að mestu rekin af aðildarsveitum ÍA, þ.e. HSSK, HSSR, Ársæli, BSH, HSG og Suðurnesjum, auk SHS og LSH.

Í apríl fór sveitin á vöktunarstig þegar jarðskjálfti varð í Nepal. Vel var fylgst með stöðunni en staðan var metin þannig að ekki væri þörf fyrir okkar aðstoð. Eitt útkall kom í október þegar mikill jarðskjálfti reið yfir Afghanistan og Pakistan (7,5 á Richter skala) og fór sveitin á standby stig en þá er sveitin lýst reiðubúin ef óskað er eftir aðstoð í skaðalandi. Svo fór ekki en útkallið nýttist vel til að fara yfir þá verkferla sem í notkun eru. Fjölmargir félagar sveitarinnar komu að þessari vinnu, því auk þeirra sem af stað fara í svona útkall, eru fjölmargir aðrir sem inna ómetanlega vinnu af hendi svo þannig megi verða.

Óveðursútköll voru þónokkur og með þeim sem í þau mæta þá mætti telja félaga sveitarinnar flesta í Rústaflokki því þar liggur okkar sérhæfing að miklu leyti. Velkomin öll!

Búnaður flokksins er í góðu standi þótt leitarmyndavélin sé komin til ára sinna og nauðsynlegt að fara að huga að því að leita stuðnings við kaup á nýrri myndavél.

Fh. Rústaflokks.

Aðalsteinn Maack

Sjúkraflokkur

Formenn: Anna Kristín Gunnarsdóttir og Hlynur Ingvi Samúelsson

Félagar í flokknum: Aðalbjörg Sigurjónsdóttir, Anna Guðný Einarsson, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Brynja Ingólfsson, Brynja Jónsdóttir, Gunnhildur Ösp Kjærnested, Helga M. Ingvarsdóttir, Heiður Þórisdóttir, Hlynur Ingvi Samúelsson, Hulda Margrét Erlingsdóttir, Margrét Rán Kjærnested, Ragna Sif Árnadóttir, Sverrir Árnason, Unnur Lilja Úlfarsdóttir

Hlutverk Sjúkraflokks er að halda uppi fyrstu hjálpar fræðslu, sjá um sjúkrabúnað sveitarinnar og manna gæslur.

Veturinn 2015-2016 stóð sjúkraflokkur fyrir námskeiðunum Fyrstu hjálp 1 og 2. Félagar innan HSSK sáu alfarið um kennslu á námskeiðunum þar sem Sverrir Árnason var yfirleiðbeinandi. Mikil áhersla var lögð á verklegar æfingar og fjölmargir komu að framkvæmd þeirra. Flokkurinn hélt fræðslukvöld fyrir Unglingadeildina Uglu og fengu í staðinn leikara á æfingarnar.

Í september hittu nokkrir flokksmeðlimir lækna frá Bráðamóttökunni í Kerlingafjöllum þar sem hóparnir skiptust á þekkingu og tóku sameiginlega æfingu. Flokkurinn hélt einnig endurmenntunarkvöld í fyrstu hjálp fyrir fullgilda félaga auk þess að kynna nýjan sjúkrabúnað sveitarinnar. Þá hafði flokkurinn yfirumsjón með gæslu á áramótabrennu og þrettándafögnuði HK.

Á næsta ári mun sjúkraflokkur minnka umsvif sín, m.a. með því að koma meginábyrgð á sjúkratöskum og búnaði yfir á notendur búnaðarins. Í kjölfarið má búast við því að einhverjar breytingar verði á starfsemi flokksins.

Sleðaflokkur

Formaður: Hákon Þór Árnason

Varaformaður: Reynir Freyr Pétursson

Virkir félagar í flokknum: Arnar Ólafsson, Arnar Sigurðsson, Benedikt Helgason, Björn Steindór Björnsson, Eiður Smári Valsson, Guðmundur K. Einarsson, Gústaf Þór Másson, Grétar Laxdal Björnsson, Hákon Þór Árnason, Hörður Sigurðarson, Ívar Eiðsson, Jóhannes Óskarsson, Kristinn Jón Arnarson, Oddgeir Sæmundsson, Ólafur Arnar Gunnarsson, Reynir Freyr Pétursson, Stefán Guðni Stefánsson, Styrmir Steingrímsson

Veturinn hjá sleðaflokk fór af stað með miklum krafti. Stíf fundarhöld og miklar umræður áttu sér stað um stækkun flokksins og enduðu þær á því að keyptur var einn nýr sleði ásamt því að annar gamall var tekinn í rekstur.

Sleðaflokkur er þar af leiðandi með sex vélsleða í rekstri þennan veturinn.

Miklar vangaveltur voru um það hvernig sleða ætti að kaupa og var ákveðið að breyta út af fyrri vana og kaupa meiri vinnusleða en áður hafa verið keyptir sem byði upp á öflugri burðar- og

dráttargetu. Fyrir valinu varð Ski-Doo Expedition Extreme vélsleði sem er útbúinn með Wide track belti og háu og lágu drifi. Sleði gerir okkur kleift að geta flutt bæði farþega og mikinn búnað án mikilla vandkvæða.

Með sleðanum var keypur inn nýr aftanívagn frá Nila, sá vagn er með yfirbyggðri blæju og hentar vel til sjúkraflutninga eða þegar þarf að flytja mikið af búnaði.

Það er von okkar í sleðaflokk að þessi viðbót muni nýtast sveitinni vel og gera flokkinn að enn öflugri einingu enn hann er í dag.

Flokkurinn hefur sinnt sínum hefðbundnu verkefnum af stakri þryði í vetur og má þar helst nefna kennslu á snjóflóðanámskeiði sveitarinnar ásamt því að hafa haldið flotta snjóflóðæfingu fyrir sveitina.

Fjölgun í tækjakosti flokksins hefur gert okkur það kleift að stækka flokkinn og voru teknir inn fjórir nýir meðlimir í haust og hafa þeir verið að standa sig mjög vel og eiga klárlega framtíð fyrir sér í flokknum. Það hefur reynst flokknum gríðarlega vel að fá ferska menn inn sem eru tilbúnir í að leggja allt í sölurnar til þess að verða að öflugum sleðamönnum í hjálparveitinni.

Flokkurinn býr nú þegar yfir gríðarlega öflugum mannskap sem er með hann á mjög flottu skriði og verður flokkurinn að teljast mjög öflug eining innan HSSK, starfið hefur verið gefandi og skemmtilegt og hlökkum við til þess að takast á við verkefni sem koma skulu.

F.h. Sleðaflokks.

Hákon Þór Árnason

Tækjaflokkur

Formaður: Hörður Sigurðarson

Starf bílaflokks á árinu hefur verið með ágætum. Mikil vinna hefur verið lögð í endurbætur og breytingar á tækjum sveitarinnar.

Vöruillinn hefur komið mjög vel út bæði í ferðum og útköllum. Krókheysið hefur einnig sannað gildi sitt og er snjóbíllinn nú geymdur á fletinu inni húsi tilbúinn í útkall. Með þessu fyrirkomulagi er tíminn frá útkalli þar til að menn eru lagðir af stað á snjóbílum komin niður í 20-30 mínútur sem að er ekki langt frá útkallsviðmiðum undanfara.

Landcruiser 150 bíll sveitarinnar var seldur síðastliðið sumar. Eftir miklar umræður um hvað ætti að koma í staðinn var ákveðið að kaupa Toyota Hilux bifreið sem að breytt verður fyrir 44" dekk. Verkstæðið Breytir er nú að vinna í þeim breytingum sem að fela einnig í sér lengingu á pallinum til að geta komið börum fyrir. Bíllinn verður á gormum að framan og loftpúðaafjöðrun að aftan. Settar verða hásingar undan Nissan Patrol til að styrkja drifbúnað bílsins og fjöldinn allur af öðrum aukabúnaði fer í bíllinn eins og fullbúnum jeppa sæmir. Stefnt er að afhendingu fyrir sumarið og hlakka tækjaflokks menn mikið til að fá bíllinn í hendurnar enda hefur það háð flokknum töluvert að hafa ekki tvo jeppa til umráða.

Hæstvirtur Kópur 3 á stórafmæli á þessu ári. En hann hefur nú þjónað sveitinni í 20 ár og heldur áfram að vera mikill stólpur í starfi sveitarinnar. Í tilefni af því var ákveðið yfirfara hann allann

og gefa honum einnig stærri skó í afmælisgjöf. Meðlimir tækjaflokks eyddu fjöldamörgum vinnustundum í að sandblása, sjóða og ryðbæta boddí bílsins sem að var skiljanlega aðeins farið að láta á sjá eftir öll þessi ár. Að því loknu voru gerðar þær breytingar sem þurfti til að koma 46” dekkjum undir bílinn. Eftir að búið var að sprauta og stífbóna bílinn má segja að hann líti eiginlega betur út núna en hann gerði á því herrans ári 1996.

Á næsta ári eru hugmyndir um að fjölga bílum sveitarinnar um einn. Ekki hefur verið tekinn ákvörðun um hvaða bíll verður keyptur en helst er horft í að auka flutningsgetu sveitarinnar með 15-25 manna bifreið. Einnig er stefnt að því að bæta vinnuástöðu flokksins með kaupum á vinnulyftu sem mun auðvelda alla vinnu við tæki sveitarinnar.

Fyrir hönd Tækjaflokks
Hörður Sigurðarson

Undanfarar

Formaður: Jónas G. Sigurðsson

Varaformaður: Sigurður Bjarki Ólafsson

Virkir félagar í flokknum: Jónas G. Sigurðsson, Sigurður Bjarki Ólafsson, Grímur Snorrason, Kamil Kluczynski, Þórður Aðalsteinsson, Sigurður Ragnarsson, Björn Steindór, Ívar Eiðsson, Brynjar Tómasson, Hlynur Ingvi Samúelsson, Tinna María Halldórsdóttir, Magnús Bjarki, Heiður Þórisdóttir, Brynja Ingólfssdóttir, Aðalbjörg Sigurjónsdóttir, Gunnar Ingi Stefánsson, Viktoría Ósk Jóhannsdóttir, Styrmir Steingríms, Arnar Sigurðarson, Hákon Þór Árnason, Ragna Sif Árnadóttir, Guðni Þór Björgvinsson, Hörður Sigurðarson, Anna Guðný Einarsdóttir

Þjálfun nýliða í fjallamennsku, þjálfun undanrenna í áframhaldandi fjallamennsku og fjallabjörgun. Að geta synnt sérhæfðum útköllum í fjalllendi, fjallamennsku, fjallabjörgun, snjóflóð, fyrstahjálp.

Í febrúar 2015 fóru undanfarar í ferð á ísklifurfestival Íslenska alpaklúbbsins á Bíldudal. Ferðin tókst með eindæmum vel, þrátt fyrir erfiðleika við það að komast heim vegna veðurs. Undanfarar tóku að sér að sjá um flugeldaverslun í Kórahverfinu jólin 2015. Í febrúar 2016 fóru undanfarar HSSK í ísklifurferð til klifursvæðisins Rjukan í Noregi. Í ferðinni bættu sig allir í ís og mixklifri ásamt því að verða færari í hverslags línuvinnu.

Undanfarar stefna á að halda áfram í sömu stefnu og vonast til að geta farið í aðra ferð erlendis.

Skýrslur nefnda og ráða

Fjáröflunarnefnd

Formaður: Sölvi Melax

Félagar í nefndinni: Auður Atladóttir, Brynja Ingólfssdóttir, Eva Arnfríður Aradóttir, Guðmundur Ólafsson, Lilja Smáradóttir, Sigrún Inga Gunnarsdóttir, Sölvi Melax og Valgeir Tómasson.

Fjáröflunarnefnd sá um utanumhald á sölu á Neyðarkallinum þetta árið. Nefndin hafði hrint í framkvæmd mikið af nýjungum á árinu á undan og voru þær mikið nýttar og endurbættar. Gögn frá árinu áður komu að góðum notum þegar sölustaðir voru valdir.

Mönnun gekk ágætlega þótt alltaf megi gera betur. Ekki mættu nógu margir eldri félagar en mjög góð mæting nýliða bjargaði málunum. Samanlagt mannaði sveitin 681 vinnustund á sölustöðum á litla kallinum. Samtals seldust rétt yfir 6.000 litlir kallar og var aukning í tekjum á litla kallinum 25%.

Sala á stóra kallinum gekk vonum framar. Um 50% aukning var á sölu hans og er hann því orðinn um 30% af öllum tekjum neyðarkallasölnnar. Við sendum aftur út fjölpóst á öll fyrirtæki í Kópavogi og var hægt að panta kall á netinu sem virkaði ágætlega. Nokkrir meðlimir voru mjög duglegir að selja og seldu mikið en megnið af sölunum er í gegnum stórt tengslanet félaga þar sem flestir eru að selja 1-3 kalla. Við teljum enn mikil tækifæri í sölu á stóra kallinum.

Allri sölu var stýrt úr Skátaheimili Kópa sem reyndist gífurlega vel. Við eigum skátafélaginu miklar þakkir skátafélagið á miklir þakkir skyldar fyrir lánið á aðstöðunni. Einnig þökkum við öllum félögum í sveitinni sem tóku þátt í sölunni auk allra þeirra sem styrktu sveitina. Við í nefndinni erum hæstánægð með hvernig til tókst og hlökkum til að takast á við næstu sölu.

Fyrir hönd fjáröflunarnefndar
Sölvi Melax

Flugeldanefnd

Í flugeldanefnd 2015 störfuðu: Aðalsteinn Maack, Brynjar Tómasson, Einar Eysteinnsson, Guðmundur K. Einarsson, Gústaf Þór Mátsson, Gunnlaugur Einar Briem, Hákon Þór Árnason, Jón Haukur Steingrímsson, Karl Emil Jónsson, Jónína Aðalsteinsdóttir og Reynir Freyr Pétursson. Auk þess var Lilja Smáradóttir starfsmaður.

Sala á flugeldum er stærsta og mikilvægasta fjáröflun Hjálparsveitar skáta í Kópavogi. Án sölu flugelda væri sveitin ekki starfandi í þeirri mynd sem hún er í dag. Á bakvið sölu flugelda er mikil vinna sem hefst strax á nýju ári þar sem farið er yfir árið sem leið. Það er svo á haustmánuðum sem að flugeldanefnd byrjar að funda reglulega. Það er svo strax að lokinni sölu á

Neyðarkallinum að undirbúningurinn fer á fullt og í desembermánuði taka yfir 140 félagar þátt í undirbúningi og sölu á flugeldum.

Sölustaðir HSSK 2015 voru fimm, Björgunarmiðstöðin, Nýbýlavegur, Kraftvélar, Salalaug og Krónan Vallakór. Í ár var sveitin ekki með sölu í Áhaldahúsi Kópavogsbæjar eins og mörg undanfarin ár þar sem til stendur að rífa Áhaldahúsið vegna uppbyggingar á svæðinu. Uppsetning verslana gekk vel og áfram er unnið að því að endurnýja aðbúnað verslana. Sveitin er með tvo risaflugeldamarkaði, í Björgunarmiðstöðinni og Kraftvélum, og stóðu þeir undir nafni.

Mikil samkeppni ríkti á flugeldamarkaðnum í ár og fór HSSK ekki varhluta af henni. Sóttu samkeppnisaðilarnir á nýjum stöðum og vóg netverslun þar þungt. Mikilvægt er að sveitin aðlagist og bregðist við þessu breytta landslagi á markaðnum til að tryggja rekstrargrundvöll sveitarinnar.

Við erum stolt af því að bjóða uppá fjölbreytt vöruúrval ár hvert og varð engin breyting þar á í ár. Ein af þeim tertum sem boðið var uppá annað árið í röð var HSSK-tertán. Var henni vel tekið og mun hún verða hluti af vöruúrvali okkar á næsta ári.

Við viljum þakka bæjarbúum og velunnurum fyrir stuðninginn og enn á ný sýndu þeir að þeir styðja vel við bakið á björgunarsveitinni sinni.

Sögunefnd

Í nefndinni eru: Auður Atladóttir, Einar Gunnarsson, Gunnsteinn Sigurðsson, Guðmundur Einarsson, Íris Marelsdóttir, Sævar Skaftason og fyrir hönd stjórnar Valgeir Tómasson.

Hlutverk nefndarinnar er að safna saman gögnum um sögu sveitarinnar í 50 ár til varðveislu.

All nokkrir fundir hafa verið haldnir á árinu. Ákveðið var að fá kvikmyndagerðarmann til fundar við nefndina til að kanna kostnað og umfang við að gera heimildarmynd um sveitina í 50 ár og er sú vinna í fullum gangi og í framhaldi verður tekin ákvörðun hvort farið verði í það verkefni.

Búið er að finna og safna saman öllum ársskýrslum sem hafa verið gefnar út og verða þær afhentar héraðsskjalasafni til varðveislu.

Fyrir hönd sögunefndar
Einar Gunnarsson

Vefnefnd

Nafnalisti: Guðmundur Ólafsson (formaður), Andri Karl Tómasson, Magnús Hákonarson, Sölvi Melax (tengiliður stjórnar)

Hlutverk

Vefnefnd sér um eftirfarandi:

- Heimasíður sveitarinnar (Innri og ytri vefur)
- Tölvupóstkerfi sveitarinnar (Google Apps)
- Skemmutölvurnar
- Sameiginlegt drif í skemmumni
- Netíð í skemmumni
- Mætingakerfið

Helstu verkefni starfsársins

- TSAR skráningarkerfið sett upp og prófað.
- Tölvur í bækistöð endurnýjaðar auk uppsetningar á nýrri tölvu við skjávarpa í salnum.
- Tölva fyrir nýjan starfsmann.
- Regluleg viðhaldsverkefni.

Helstu verkefni fyrir næsta starfsár

- Byggja upp hóp í kringum verkefni nefndarinnar.
- Minniháttar endurbætur á ytri vef.
- Koma af stað vinnu við nýjan innri vef sveitarinnar.
- Koma á afritatöku af af gögnum sveitarinnar.
- Koma internetsambandi skemmunnar í almennilegt lag.

Þjálfunarráð

Í þjálfunarráði sitja Sigrún Ósk Jakobsdóttir (formaður), Arna Björg Arnarsdóttir (varaformaður), Ragna Sif Árnadóttir og Sverrir Árnason (endurmenntun), Bergrós Arna Jóhannesdóttir og Elvar Steinn Þorvaldsson (þjálfarar N2), Grétar Laxdal og Hulda Rós Bjarnadóttir (þjálfarar N1) og Margrét Rán Kjærnested, Magnús Bjarki Böðvarsson og Sigrún Hrönn Halldórsdóttir (þjálfarar unglunga).

Hlutverk þjálfunarráðs er að hafa umsjón með allri þjálfun og menntun nýliða, unglunga og fullgildra félaga innan sveitarinnar. Vel hefur gengið að vinna eftir dagskrá vetrarins og sjaldan hefur þjálfunarráð þurft að breyta henni jafn lítið og nú í vetur. Þar síðasta vetur var sett saman handbók fyrir nýliðaþjálfara sem þjálfarateymi hafa fengið að vinna eftir nú í vetur. Handbókin hefur reynst þeim vel, auðveldað um mun skipulagningu og framkvæmd þjálfunar og munum við vinna enn frekar í henni fyrir næsta þjálfarateymi. Við þökkum leiðbeinendum og öðrum sem komið hafa að framkvæmd námskeiða og ferða einnig kærlega fyrir alla aðstoðina.

Endurmenntun fullgildra félaga var áfram á dagskrá í vetur og hélt það teymi til að mynda tvær góðar útkallsæfingar. Næsta vetur verður þó gerð breyting á endurmenntun sveitarinnar þar sem hún verður færð inn í almennan útkallsflokk, nýjan flokk sem hefur starfsemi sína í haust og verður með vinnukvöld alla þriðjudaga. Sá flokkur mun ekki sérhæfa sig á neinu einu sviði heldur munu flokksmeðlimir fá fræðslu og kennslu á öllum sviðum björgunarstarfsins, ekkert ósvipað dagskrá endurmenntunar. Sá flokkur verður því kjörinn fyrir alla þá sem ekki vilja sérhæfa sig á aðeins einu eða tveimur sviðum, þá sem vilja koma aftur til starfa eftir hlé eða fyrir nýundirskrifaða félaga sem hafa ekki enn ákveðið hvaða braut þeir vilja feta.

Líkt og fram kom í síðustu ársskýrslu var farið í stefnumótun og skipulagningu unglingsþjálfunar síðastliðið vor. Sett var saman flott dagskrá fyrir unglingana og haldinn kynningarfundur síðastliðið haust. Í kjölfarið byrjuðu fimm unglingar í deildinni en eftir því sem leið á veturinn bættist hratt í hópinn og nú undir lok veturs voru þau orðin 15. Jafnframt má búast við því að enn fleiri bætist í hópinn í haust. Mikil ánægja ríkir meðal unglingana og eru þau öll spennt fyrir því að ná aldri til að byrja nýliðþjálfun sína. Því má búast við því að úr unglingsstarfinu komi kröftugir og efnilegir verðandi björgunarmenn.

Nefndir og ráð

Stjórn

Kristján Maack, formaður
Stefán Jökull Jakobsson, varaformaður
Gunnlaugur Einar Briem, gjaldkeri
Valgeir Tómasson, ritari
Brynja Ingólfssdóttir, meðstjórnandi
Broddi Hilmarsson, meðstjórnandi
Ragna Sif Árnadóttir, meðstjórnandi
Sölvi Melax, varamaður
Auður Elva Kjartansdóttir, varamaður

Skoðunarmenn reikninga

Guðmundur K. Einarsson
Jón Haukur Steingrímsson
Auðunn Páll Sigurðsson

Uppstillinganefnd

Arnar Sigurðarson
Íris Marelsdóttir
Einar Eysteinnsson
Guðni Þór Björgvinsson
Jónína Aðalsteinsdóttir

Laganefnd

Auður Atladóttir
Margrét Rán Kjærnested
Sölvi Melax

Byggingarnefnd

Styrmir Steingrímsson
Elvar Steinn Þorvaldsson
Einar Hauksson
Erlendur Birgisson
Stefán Jökull Jakobsson
Pálmar Dan Einarsson
Guðmundur K. Einarsson

Fjáröflunarnefnd

Sjá skýrslu fjáröflunarnefndar

Flugeldanefnd

Sjá skýrslu flugeldanefndar

Fulltrúi HSSK í svæðisstjórn

Guðmundur Ólafsson

Ritnefnd

Margrét Rán Kjærnested
Gunnhildur Daðadóttir
Íris Marelsdóttir
Jón Guðmundsson
Lilja Rut Víðisdóttir
Nóa Sólrún Guðjónsdóttir

Sögunefnd

Sjá skýrslu sögunefndar

Vefnefnd

Sjá skýrslu vefnefndar

Þjálfunarráð

Sjá skýrslu þjálfunarráðs

Starf HSSK 2015-2016

Starf sveitarinnar á síðasta starfsári 1. apríl 2015 – 31. mars 2016 er búið að vera mikið. Samtals voru skráðar 4.419 mætingar félaga í mætingakerfi sveitarinnar og er það 13.2% aukning frá sama tímabili á undan. Að starfi sveitarinnar komu 214 einstaklingar þetta árið en mikill fjöldi annara einstaklinga og fyrirtækja styðja sveitina beint og óbeint.


Á bak við hverja skráningu í mætingakerfið eru að jafnaði fjórar vinnustundir og má því ætla að félagar sveitarinnar hafi gefið tæplega 18.000 vinnustundir til sveitarinnar og samfélagsins.

Það voru 95 félagar skráðir í aðgerðum á tímabilinu en þeir voru 97 árið á undan.

Milli ára hefur aðgerðum fækkað um 23% og ber þar helst að nefna fækkun á aðgerðum í fjallendi sem fækkaði um 72%, fóru úr 18 og niður í fimm. Aðgerðum á sjó fjölgaði hinsvegar um 67%.


Flestar aðgerðir hófust á tímabilinu 16 til miðnættis, eða 53%.

Um 70% aðgerða sveitarinna voru á eða við Höfuðborgarsvæðið.



Fjöldi aðgerða og björgunarmanna eftir árum

	2014	2015	Hlutfallsleg breyting milli ára
Fjöldi aðgerða	47	36	-23,4%
Fjöldi björgunarmanna í aðgerðum samtals	505	345	-31,7%
Mestur fjöldi pr aðgerð	32	46	43,8%
Meðalfjöldi pr. Aðgerð	10,7	9,6	-10,8%
Fjöldi félaga í aðgerðum	97	95	-2,1%



Hvar aðgerðir fóru fram

	2014	2015
Alþjóðasveit	0	1
Í ám	3	1
Í dreifbýli	7	11
Í fjallendi	18	5
Í fjörum	2	2
Í hellum	2	0
Á jöklum	1	0
Í óbyggðum	8	5
Á sjó	6	10
Á vötnum	2	2
Í þéttbýli	16	11

Aðgerðir sem HSSK tók þátt í á tímabilinu 1.4.2015 – 31.3.2016


Í sumar aðgerðir var kallað oftast en einu sinni út þannig að fjöldi útkalla getur verið talsvert fleiri en fjöldi aðgerða.

Dagsetning	Nafn	Boðunarstig
25.5.2015	Óveður höfuðborgarsvæðið	Hættustig
19.6.2015	Maður viltur á Fimmvörðuhálsi	Hættustig
23.6.2015	Bátsstrand við Álfanes	Neyðarstig
25.6.2015	Innanbæjarleit í Reykjavík	Neyðarstig
9.7.2015	Neyðarblys fyrir utan Hafnarfjörð	Hættustig
19.7.2015	Leit í Kópavogi	Neyðarstig
21.7.2015	Maður í Ölfusá	Óvissustig
12.8.2015	Sækja veikann mann í Nýjadal	Neyðarstig
16.8.2015	Óveður á Höfuðborgarsvæðinu	Hættustig
23.8.2015	Ófærð á Suðurstrandavegi	Hættustig
7.9.2015	Óveðursaðstoð á Höfuðborgarsvæðinu	Neyðarstig
8.9.2015	Höfuðborgarsvæðið, óveðursviðbragð	Hættustig
10.9.2015	Leit í Hafnarfirði	Neyðarstig
27.9.2015	Flugslys suður af Hafnarfirði	Hættustig
7.10.2015	Eftirgrennslan á höfuðborgarsvæðinu	Óvissustig
8.10.2015	Jarðskjálfti í Afganistan, monitoring	Óvissustig
10.10.2015	Fastur bíll - Þorskaftafjarðarheiði	Hættustig
14.10.2015	Leit í kringum höfuðborgarsvæðið	Neyðarstig
14.10.2015	Skipsstrand Álfanes	Neyðarstig
26.10.2015	Vélarvana bátur í Kollafirði	Óvissustig
26.10.2015	Vélarvana bátur við Kópavogshöfn	Þjónustuverkefni
27.10.2015	Neyðarsól yfir Skerjafirði	Óvissustig
12.11.2015	Leit í Grímsnesi	Neyðarstig
22.11.2015	Ofkæling á laugavegi	Neyðarstig
30.11.2015	Óveður á Höfuðborgarsvæðinu	Óvissustig
5.12.2015	Leit í Breiðholti	Hættustig
5.12.2015	Slys í Esju	Óvissustig
7.12.2015	Vélarvana bátur við Akurey	Óvissustig
16.12.2015	Leit við Kleifarvatn	Neyðarstig
26.12.2015	Týnd kona við Þyrilsnes	Neyðarstig
26.12.2015	Slasaður maður á fæti í Hrafninnuskeri	Neyðarstig
14.1.2016	Skúta strand við Kópavogshöfn	Óvissustig
9.2.2016	Leit að ferðamanni við Þingvelli.	Neyðarstig
25.2.2016	Slys við Helgafell	Neyðarstig
8.3.2016	Týndur maður á Heydalsvegi	Óvissustig
13.3.2016	Leit að hundi á Skerjafirði	Hættustig

Akstur bíla HSSK

Samtals voru skráðar 217 hreyfingar á ökutæki sveitarinnar og keyrðir tæpir 44 þúsund km með um 801 farþega.

Akstur og fjöldi farþega			
	Akstur km	Fjöldi hreyfinga	Fjöldi farþega
Kópur 1	16.844	56	285
Kópur 2	6.641	60	236
Kópur 3	5.657	18	60
Kópur 5	7.720	52	139
Kópur 6	1.183	9	21
Kópur vörubíll	4.909	14	27
Aukabíll	780	8	33
Samtals	43.734	217	801



Helsti búnaður og tæki í eigu HSSK

Bátaflokkur

- Stefnir: Harðbotna bátur, 11 metra langur Rafnar Leiftur 1100 bátur með tvo 250 hestafla Yamaha fjörgengis utanborðsmótorum. Árgerð 2015
- Sædís: Zodiac MK 5 slöngubátur með hnakk. Árgerð 2000.

Tækjaflokkur

Fólksflutningabílar

- Kópur 1, Mercedes-Bens sprinter 4x4 . Níu manna. Árgerð 2014.
- Kópur 2, Toyota Hiace 4x4 . Níu mannaþ árgerð 2008.

Jeppar

- Kópur 3, Toyota Land Cruiser 80, árgerð 1996, 44“ dekk.
- Kópur 4, Toyota Hilux Double Cap SR+, árgerð 2016, 44“ dekk.

Snjóbíll

- Kópur Hagglund, fjölnota tæki á gúmmíbeltum.

Vörubíll

- Kópur vörubíll, Iveco Trakker, árgerð 2015.

Dráttarvél

- Kópur, dráttarvél.

Meðal búnaðar í bílum sveitarinnar eru GPS tæki, leiðsögutölvur, talstöðvar, símar, verkfæri, sjúkrabúnaðar og ýmis annar búnaður.

Sleðaflokkur

- 2 Ski-doo Freeride 154“, árgerð 2015.
- 2 Ski-doo Freeride 154“, árgerð 2014.
- Kópur 5, Ford F350 pickup, árgerð 2005,
- 1 Ski-doo Expedition Extrem 2016.
- 1 Þriggja sleða kerra, árgerð 2008.
- 1 Þriggja sleða kerra, árgerð 2016
- 1 Nila 4 manna yfirbyggður farþegavagn.
- 3 Aftanþotur.
- 4 Standard Horizon HX370E, VHF talstöðvar.
- 2 Motorola MTP850S, Tetra talstöðvar.
- 2 Garmin Gps 52 dv eco map
- 3 Garmin Gps 276c.

Auk þess sprungubjörgunarbúnaður, hjálmur, tekvesti, töskur, bakpokar, skóflur, snjóflóðastangir, ísaxir, brúsar, yfirbreiðslur og annar búnaður samkvæmt búnaðarlista.

Leitarflokkur

2 Moongoose reiðhjól keypt 2014 og 2 Scott reiðhjól.
4 töskur fyrir hjól
4 reiðhjólahljálmar m. ljósum
4 ný reiðhjólaljós að framan, 2 gömul og 4 ný að aftan, Light & motion

Búnaður í leitarkistum:

6 búnt af sporafánum
4 nætursjónaukar
6 sjónaukar
5 stafrænar myndavélar
5 GPS tæki, 4 Garmin 60 CSx, 1 Garmin 62 CSx, 1 GPS map 64s.
28 leitarljós, Light & motion,

Staumvatnsbúnaður

4 Björgunarvesti+hnífur
4 Mittiskastlínur
2 Gul þurr gallar
Oceanid RDC Swiftwater Rescue Boat (Gula skrímslið)+pumpa.

Rústaflokkur

20 feta gámur með búnaði til rústabjörgunar.

Þ.á.m. leitarmyndavélar, hlustunartæki, fjölbreytt úrval hand- og rafmagnsverkfæra, hlífðarbúnaður, ljósabúnaður, rafstöðvar og margt fleira.

Sjúkraflokkur

- 5 björgunarskeljar
- 5 hryggbretti
- 1 KE-d-vesti
- 4 grjónadýnur
- 1 neyðarskýli
- Hjartastuðtæki
- Vel búnar sjúkratöskur í bílum og bátum og súrefnisbúnaður í öllum bílum.
- Teppi, hálskragar, spelkur og annar sjúkrabúnaður samkvæmt búnaðarlista.

Undanfarar

- 4 stk útkalls kippur með karabínunum, slingum, prússiki, brjóstbelti o.fl.
- 2 stk trygginga kippur með hnetum, vinum, fleygum, ísskrúfum, snjóhælum o.fl.
- 4 björgunarlínur, 4 klifurlínur og 3 göngulínur.
- Straumvatnsbjörgunarbúnaður, 4 björgunarvesti, kastlínur og hnífar
- Björgunargálgi
- Fjallabjörgunarbörur
- Sjúkrabakpoki
- 2 stk útkallspokar

Lög Hjálparsveitar skáta í Kópavogi

I. KAFLI: Nafn, heimili og markmið sveitarinnar.

1. gr. Heiti sveitarinnar

Sveitin heitir Hjálparsveit skáta í Kópavogi, skammstafað HSSK. Sveitin starfar í tengslum við Skátafélagið Kópa.

2. gr. Lögheimili

Heimili sveitarinnar og varnarþing er í Kópavogi.

3. gr. Markmið

Tilgangur sveitarinnar er; að stunda almenna björgunar-, leitar og hjálparstarfsemi, þegar verðmæti eða mannlíf eru í hættu, -að halda uppi þjálfun með námskeiðum og æfingum fyrir félaga sína, svo þeir verði jafnan færir um að rækja markmið sveitarinnar, -að afla þess búnaðar sem nauðsynlegur er til starfsins.

4. gr. Einkenni

Merki sveitarinnar er grænn skjöldur utan um hvítan hring og inni í hringnum er grænn jafnarma kross ásamt áletruninni Hjálparsveit skáta Kópavogi ritaðri með rauðu letri.

II. KAFLI: Réttindi og skyldur félaga.

5. gr. Skilyrði til aðildar

Félagar geta þeir einir orðið, sem uppfylla þessi skilyrði:

- a. Eru fullra 18 ára.
- b. Hafa starfað með sveitinni í minnst 12 mánuði.
- c. Hafa staðist þær kröfur sem reglugerð nýliðaflokks HSSK kveður á um.
- d. Hafa undirritað eiðstaf HSSK.

6. gr. Nafnaskrá

Nafnaskrá yfir alla sveitarfélaga skal jafnan vera til hjá stjórn sveitarinnar. Hver félagi skal fá skírteini, sem sýnir að hann er löglegur félagi.

Við inngöngu í sveitina skal hver félagi undirrita eiðstaf HSSK.

Gestaaðild er hægt að veita félögum annarra sveita tímabundið og án atkvæðisréttar.

7. gr. Skyldur félagar

Félagar skulu sjálfir eiga lágmarks ferðabúnað. Vanræki félagsmaður að viðhalda búnaði sínum getur stjórnin meinað honum að taka þátt í nánar ákveðnum verkefnum sveitarinnar.

8. gr. Aðild og úrsögn

Inntökubeiðni og úrsagnir úr sveitinni skulu vera skriflegar og sendar stjórn sveitarinnar. Við brottför úr sveitinni getur félagi ekki gert tilkall til sjóða eða eigna sveitarinnar.

9. gr. Brottrekstur

Félagi getur sætt brottrekstri úr sveitinni fyrir þessar sakir:

- a. Ef hann verður ber að því að spilla áleti sveitarinnar innan hennar eða utan.
- b. Ef hann hefur áfengi eða deyfilyf um hönd í starfi fyrir sveitina.
- c. Ef hann verður ber að óviðunandi umgengni um eignir og tæki sveitarinnar.
- d. Ef hann sýnir sveitinni ítrekuð vanskil.
- e. Ef hann rýfur eiðstaf HSSK eða vinnur gegn hagsmunum sveitarinnar.

Gerist félagi brotlegur án þess að ástæða þyki að víkja honum úr sveitinni getur stjórn veitt honum formlega áminningu. Skal hún tilkynna það skriflega og færa til bókar.

Nú ályktar stjórnin að félagi sé rækur úr sveitinni. Skal hún tilkynna það skriflega. Gerist félagi brotlegur eftir að hafa verið áminntur með formlegum hætti skal horft til þess við ákvörðun stjórnar.

Sætti hlutaðeigandi sig ekki við úrskurð stjórnarinnar getur hann skotið máli sínu til næsta sveitarfundar.

III. KAFLI: Skipulag, sveitarstjórn og fundir.

10. gr. Skipulag sveitarinnar

Sveitinni skal skipt í flokka. Stjórn skipar nefndir á vegum sveitarinnar og formenn flokka. Skal það gert í upphafi hvers stjórnartímabils.

Formaður flokks tilnefnir varaformann flokksins.

Reglugerðir sveitarinnar skal samþykkja á aðalfundi.

11. gr. Aðalfundur

Aðalfundur er æðsta vald í félagsmálum og gerir þær ákvarðanir um starfssemi sveitarinnar, sem þörf er á.

Atkvæðisrétt á aðalfundi hafa þeir félagar sem eru skuldlausir við sveitina.

Aðalfundur skal haldinn fyrir lok maí ár hvert, og til hans skal boða skriflega eða með tölvupósti með minnst viku fyrirvara.

Á dagskrá aðalfundar skal vera.

Skýrsla stjórnar og reikningar.

Skýrslur flokka og nefnda.

Undirritun eiðstafs HSSK.

Lagabreytingar.

Kosning formanns.

Kosning annarra stjórnarmanna.

Kosning tveggja varamanna í stjórn.

Kosning í önnur embætti.

Önnur mál.

Skýrsla stjórnar og skýrslur flokka skulu vera fjölritaðar og liggja frammi á fundinum.

12. gr. Árgjald

Síðasti sveitarfundur fyrir aðalfund ákveður árgjald sveitarinnar.

13. gr. Sveitarfundur

Stjórn sveitarinnar getur boðað til sveitarfunda, þegar henni þykir þess þörf.

Ennfremur er stjórninni skylt að boða til sveitarfundar er 1/4 hluta atkvæðisbærra félaga óskar þess skriflega og greinir fundarefni.

Nú hefur stjórn sveitarinnar ekki boðað til fundar innan 14 daga eftir að henni barst krafan og geta þá hlutaðeigandi félagar sjálfir kvatt til fundar.

Rétt til setu á sveitarfundi hafa félagar og nýliðar, atkvæðisbærir eru þeir félagar sem skuldlausir eru við sveitina.

Fundur er lögmætur ef rétt er til hans boðað. Komi upp efasemdir um lögmæti fundar skal boða til nýs fundar innan viku sem verður lögmætur með þeim sem mæta. Til allra funda skal boða skriflega eða með auglýsingu með minnst þriggja daga fyrirvara. Úrslitum mála á fundum ræður einfaldur meirihluti, nema um breytingar á samþykkt þessari, sbr. 21. gr.

Fundargerðir skulu staðfestar með undirskrift formanns og ritara og varðveittar með tryggilegum hætti.

14. gr. Uppstillingarnefnd

Stjórn skipar uppstillingarnefnd sem stillir upp framboði fyrir aðalfund.

Uppstillingarnefnd stillir upp framboðum fyrir aðalfund og skal leitast við að stjórn endurspegli breidd félagsins.

Uppstillingarnefnd skal leitast við að hafa kynjahlutföll í stjórn sem jöfnust þannig og miða við minnst 40% hlutfall stjórnarmanna af hvoru kyni.

15. gr. Kosningar

Stjórn sveitarinnar skal skipuð 7 félögum, formanni, varaformanni, ritara, gjaldkera og þremur meðstjórnendum. Skulu þeir kosnir á aðalfundi skv. 4. mgr. 11 gr. í þeirri röð sem þar er kveðið á um.

Frambjóðendur eru sjálfkjörnir ef framboð eru jafn mörg og fjölda þeirra embætta sem kjósa skal.

Kjósa skal ef fleiri framboð berast og skal þá kosningin vera skrifleg og leynileg. Falli atkvæði jafnt skal láta hlutkesti ráða. Kjörseðill er aðeins gildur ef kosnir eru jafnmargir og kjósa skal hverju sinni.

Kjörtími stjórnar er 1 ár. Endurkjósa má í stjórn svo oft sem vill. Engan má kjósa í stjórn nema hann sé félagi sveitarinnar. Allir félagar eru skyldir að taka við kosningu eitt kjörtímabil.

16. gr. Stjórn sveitarinnar

Formaður boðar til stjórnarfundar. Stjórnarfundur er lögmætur ef minnst 5 stjórnendur eru á fundi. Úrslitum ræður afl atkvæða, en séu þau jöfn, ræður atkvæði formanns. Allar fundarályktanir skulu staðfestar með undirskrift stjórnarmanna og varðveittar með tryggilegum hætti.

Stjórnin boðar til sveitarfunda og undirbýr fundamálefni, framkvæmdir fundaályktanir, og annast störf milli funda. Stjórnin leggur fyrir aðalfund til úrskurðar reikninga sveitarinnar næsta ár á undan, er hún sér um að séu endurskoðaðir í tæka tíð, enda fylgi tillögur skoðunarmanna og athugasemdir ef einhverjar eru. Stjórnin hefur eftirlit með öllum framkvæmdum sveitarinnar og hefur á hendi eða sér um eftirlit með eignum hennar, innheimtir félagsgjöld, og sér um greiðslu á gjöldum sveitarinnar. Stjórnin gætir í öllu hagsmuna sveitarinnar og getur leitað aðstoðar landslaga og réttar í málefnum hennar ef þörf krefur.

17. gr. Samningskuldbingingar

Allir þeir samningar, sem stjórnin gerir fyrir hönd sveitarinnar skv. samþykktum þessum eða fundaályktunum í sveitinni, eru bindandi fyrir sveitina og hvern einstakan féлага enda liggja meirihluta samþykkt stjórnar fyrir. Stjórnendur 3 saman skuldbinda sveitina. Stjórnin ber ábyrgð gerða sinna fyrir aðalfundi.

18. gr. Endurskoðun reikninga

Hver aðalfundur kýs tvo skoðunarmenn reikninga og einn til vara. Skulu þeir vera félagar sveitarinnar. Kjörtímabil þeirra er eitt ár.

Stjórn sveitarinnar er heimilt að fela löggiltum endurskoðanda endurskoðun ásamt hinum kjörnu skoðunarmönnum.

Skoðunarmenn skulu sannprófa, að reikningum sveitarinnar beri saman við bækur hennar.

Reikningsár sveitarinnar er frá marsbyrjun og út febrúar ár hvert.

IV. KAFLI: Sveitarsjóðir

19. gr. Sveitarsjóðir

Sjóði sveitarinnar skal ávaxta á sem hagkvæmasta hátt hverju sinni og án teljandi áhættu.

Ef starfssemi HSSK leggst niður skulu eignir og tæki sveitarinnar vera í vörslu skátafélagsins Kópa fyrstu 10 mánuðina. Ef engar tilraunir hafa verið gerðar til að endurvekja sveitina að þeim tíma liðnum skal lúta lögum Slysavarnafélagsins Landsbjargar.

20. gr. Varasjóður

HSSK skal eiga varasjóð. Varasjóði HSSK er ætlað:

Að mæta hugsanlegum samdrætti í tekjum

Að vera tryggingarsjóður vegna áfalla sem sveitin kann að verða fyrir

Að fjármagna önnur verkefni sem aðalfundur ákveður.

Ráðstöfun fjár úr varasjóði er aðeins heimil með samþykki aðalfundar. Veðsetning varasjóðs eða lántaka úr honum til skemmri eða lengri tíma er óheimil nema með samþykki aðalfundar.

Varasjóður skal varðveittur hjá banka eða löggiltu verðbréfafyrirtæki. Meginstefna við vörslu hans skal vera öryggi frekar en há ávöxtun. Ávöxtun varasjóðs skal bætt við höfuðstól hans.

V. KAFLI: Ýmis ákvæði

21. gr. Aðildarfélög

Sveitin er aðili að Slysavarnafélaginu Landsbjörg, og lýtur lögum og samþykktum þess, eftir því sem við á. Sveitin skal jafnan kappkosta að hafa samstarf við yfirvöld, stjórn almannavarna og aðra björgunaraðila í landinu, og sýna tillitssemi og drengskap í starfi sínu. Aðeins fullgildir félagar geta verið fulltrúar sveitarinnar í Slysavarnafélaginu Landsbjörg og opinberum nefndum og ráðum.

22. gr. Lagabreytingar

Lögum þessum verður ekki breytt nema á aðalfundi, og hljóti breytingartillögur minnst 2/3 hluta greiddra atkvæða.

Þegar leggja á fyrir fund tillögur um breytingar á lögum, skulu þær ávallt kynntar í fundarboði.

23. gr. Gildistaka

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Lög þessi voru samþykkt á aðalfundi sveitarinnar í apríl 2015.

www.hssk.is



Hjálparsveit skáta Kópavogi er ein öflugasta björgunarsveit landsins með um 400 sjálfbóðaliða og þar af um 200 virka sem vinna í sjálfbóðavinnu 20 til 35 þúsund vinnustundir á ári við útköll, fjáraflanir, þjálfun, viðhald og rekstur sveitarinnar. Tilgangur sveitarinnar er björgun mannlífa og verðmæta og frá því í mars 2015 til mars 2016 sinnti sveitin 38 útköllum á sjó og landi.

Sveitin starfar jafnt á sjó sem landi og býr yfir mikilli þekkingu á flestum sviðum leitar og björgunar. Hjálparsveit skáta í Kópavogi hefur yfir að ráða öllum þeim tækjafloða og búnaði sem nútíma björgunarsveit þarf að eiga en mikilvægast af öllu er stór og samheldinn hópur fólks sem rekinn er áfram af brennandi áhuga, dugnaði og fagmennsku. HSSK er hjálparsveit Kópavogsbúa og landsmanna allra.